

VÍMUVARNASAMNINGUR VÖLSUNGS

ÁRANGUR OG EFTIRFYLGNI

KJARTAN PÁLL ÞÓRARINSSON

NÓVEMBER 2011

September 2011
Lokaskýrsla rannsóknarverkefnis sem unnið var
á tímabilinu júní-september 2011
Verkefnið var fjármagnað af Þekkingarneti Þingeyinga,
Íþróttafélaginu Völsungjog úr
forvarnarsjóði Lýðheilsustofnunar.

Forsíðumyndir:
Efri til vinstri: Sigurvegarar Laugamótsins 07/08 í kvennaflakki
Efri til hægri: Meistaraflokkur karla fagnar 2009
Neðri til vinstri: frá kynningu Kjartans Páls
Neðri til hægri: frá kynningu Kjartans Páls

Framkvæmd: Kjartan Páll Þórarinsson

Þekkingarnet Þingeyinga
Ábyrgðarmaður : Óli Halldórsson
Ritstjórn: Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ	1
1. INNGANGUR	3
1.1 VÍMUVERNIR.....	3
1.2 VÍMUVERNASTEFNA ÍÞRÓTTAFÉLAGSINS VÖLSUNGS	4
1.3 FRÆÐILEG NÁLGUN	5
1.4 ÖNNUR VÍMUVERNARVERKEFNI	5
2. RANNSÓKN OG FRAMKVÆMD.....	8
2.1 VIÐFANGSEFNI	8
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI.....	8
2.3 ÞÁTTTAKENDUR.....	9
2.4 SVARHLUTFALL.....	10
3. SPURNINGARNAR	11
Viðhorf til vímuvarna	11
Áfengisaldur	12
Frammistaða við vímuvarnasamning	13
Brot á samningi	14
Fjöldi brota	15
Ástundunarþáttur samningsins	16
Innsýn þjálfara	17
Áhrif samningsins.....	21
Gagnsemi vímuvarnasamnings	27
Persónulegar upplýsingar	34
Hreyfing iðkenda	36
4. NIÐURSTÖÐUR.....	38
5. UMRÆÐUR.....	40
HEIMILDASKRÁ	42
Viðauki.....	43
Sýniseintak af Vímuvarnasamningi Völsungs.....	43

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Viðhorf til vímuvarna: Iðkendum.....	11
Mynd 2: Viðhorf til vímuvarna: Foreldrar/forráðamenn.....	11
Mynd 3: Áfengisaldur: Iðkendum.....	12
Mynd 4: Áfengisaldur: Foreldrar/forráðamenn.....	12
Mynd 5: Frammistaða við vímuvarnapátt: Iðkendum.....	13
Mynd 6: Frammistaða við vímuvarnapátt: Foreldrar/forráðamenn.....	14
Mynd 7: Frammistaða við ástundunarpátt: Iðkendum.....	16
Mynd 8: Frammistaða við ástundunarpátt: Foreldrar/forráðamenn.....	17
Mynd 9: Innsýn þjálfara: Iðkendum.....	18
Mynd 10: Innsýn þjálfara: Foreldrar/forráðamenn.....	18
Mynd 11: Innsýn þjálfara: Iðkendum.....	19
Mynd 12: Innsýn þjálfara: Foreldrar/forráðamenn.....	20
Mynd 13: Áhrif samnings 1: Iðkendum.....	21
Mynd 14: Áhrif samnings 1: Foreldrar/forráðamenn.....	22
Mynd 15: Áhrif samnings 2: Iðkendum.....	23
Mynd 16: Áhrif samnings 2: Foreldrar/forráðamenn.....	24
Mynd 17: Áhrif samnings 3: Iðkendum.....	25
Mynd 18: Áhrif samnings 3: Foreldrar/forráðamenn.....	25
Mynd 19: Áhrif samnings 4: Iðkendum.....	26
Mynd 20: Áhrif samnings 4: Foreldrar/forráðamenn.....	27
Mynd 21: Gagnsemi samnings: Iðkendum.....	28
Mynd 22: Gagnsemi samnings: Foreldrar/forráðamenn.....	28
Mynd 23: Árangur samnings: Iðkendum.....	29
Mynd 24: Árangur samnings: Foreldrar/forráðamenn.....	30
Mynd 25: Viðhorf til vímuvarnasamnings 1: Iðkendum.....	31
Mynd 26: Viðhorf til vímuvarnasamnings 1: Foreldrar/forráðamenn.....	32
Mynd 27: Viðhorf til vímuvarnasamnings 2: Iðkendum.....	33
Mynd 28: Viðhorf til vímuvarnasamnings 2: Foreldrar/forráðamenn.....	34
Mynd 29: Áfengisneysla iðkenda 1.....	35
Mynd 30: Áfengisneysla iðkenda 2.....	36
Mynd 31: Hreyfing iðkenda.....	37

ÚTDRÁTTUR

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er vímuvarnasamningur Völsungs sem hefur verið í gangi hjá knattspyrnudeild félagsins síðan árið 2004. Markmið rannsóknarinnar er að meta forvarnargildi samningsins og árangur hans til lengri tíma litið. Einnig er leitast við að komast að því hvaða viðhorf og væntingar fyrrum þátttakendur hafa til samningsins.

Markhópur rannsóknarinnar var allir sem áttu aðild að vímuvarnasamningi við Völsung og héldu erlendis í keppnisferð á árunum 2005, 2007 og 2009 og einu foreldri hvers iðkenda. Rafrænn spurningalisti var sendur til allra sem samband náðist við og stóð rannsóknin yfir á sumarmánuðum árið 2011.

Niðurstöðurnar voru í stuttu máli þessar:

- Bæði foreldrar og iðkendur voru sammála um mikilvægi forvarna
- 70% iðkenda vissu til þess að samningurinn hafi verið brotinn af einhverjum iðkenda
- 90% iðkenda gáfu sjálfum sér hæstu einkunn í sambandi við frammistöðu á samningstímanum.
- Foreldrar hafa trú á vímuvarnasamningi Völsungs sem forvarnarverkefni.
- Um 80% foreldra eru mjög jákvæðir gagnvart því að annað barn þeirra taki þátt í verkefninu.
- Greina má sterkar raddir hjá bæði foreldrum og iðkendum að reglurnar verði að vera skýrar og taka þurfi á þeim brotum sem upp koma.

Í heildina má segja að samningurinn sé að virka. Um 90% iðkenda standa við vímuvarnaþátt samningsins en vissulega má hugsa sér að ákveðinn hópur hefði ekki neytt áfengis hvort sem var óháð samningnum. Hins vegar má segja að áhyggjuefni sé hversu margir vita af brotum á samningnum þar sem ekkert er aðhafst eða þá að brotin spyrjast ekki út til stjórnenda samningsins.

1. INNGANGUR

1.1 VÍMUVERNIR

Áfengi og tóbak eru löglegir vímuþjafar sem eru aðgengilegir þeim sem hafa aldur til að kaupa þá. Fjöldamargar rannsóknir hafa sýnt fram á skaðsemi áfengis og tóbaks en með lögleiðingu þessara efna eru þau viðurkennd sem eðlilegur hluti í okkar samfélagi. Þrátt fyrir reglur um lágmarksaldur til að kaupa áfengi og tóbak er mögulegt að þeir sem ekki hafa náð þeim aldri komist yfir þau með einum eða öðrum hætti.

Forvarnir snúa að því að koma í veg fyrir eitthvað sem þykir ekki æskilegt. Vímuvarnaverkefni eru ein tegund af forvarnarverkefnum sem hafa orðið æ meira áberandi í samfélaginu. Þau snúa að því að koma í veg fyrir að börn og unglingar neyti áfengis og tóbaks eins og almenn lög gera ráð fyrir. Rannsóknir sýna að íþróttir spila mikilvægt hlutverk í forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu, bæði með beinni þátttöku og í formi fyrirmynda afreksíþróttamanna. Góður íþróttamaður þarf að hafa stjórn á huga sínum og líkama og má segja að vímuþjafnaneysla eigi því ekki samleið í áttinni að árangri á sviði íþróttanna. Einnig sýna fjöldamargar rannsóknir fram á það að börn og unglingar sem eru virk í íþróttastarfi neyta síður áfengis og vímuþjafa.¹

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur forvarnarmál í öndvegi og hvetur aðildarfélög sín til að marka sér skýra stefnu gegn neyslu á áfengi, tóbaki og fíkniefnum. Sem dæmi má nefna að aðildarfélög ÍSÍ geta sóst eftir því að hljóta gæðaviðurkenningu á starfsemi sinni og geta þar með kallað sig „Fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild ÍSÍ“. Til að hljóta þessa gæðaviðurkenningu þarf starfsemi félaga að uppfylla ýmis skilyrði sem meðal annars snúa að skipulagi og stefnu félaga, allt frá foreldrastarfi til fjármála. Einn liður í því er að félög marki sér sérstaka forvarnarstefnu og vinni samkvæmt henni.

Forvarnir af ýmsu tagi gegn notkun áfengis og vímuþjafa hafa farið ört vaxandi undanfarna áratugi samhliða aukinni vitundarvakningu á mikilvægi málefnsins. Einnig hefur fræðasamfélagið lagt mikið af mörkum með nýjum rannsóknum og faglegri umfjöllun á málefnum. Æ algengara er að opinberir aðilar eins og ríki og sveitarfélög marki sér sérstaka stefnu og markmið varðandi vímuþjafir og hvetji aðra til hins sama, líkt og hjá sveitarfélaginu Norðurþingi og hjá Íþróttafélaginu Völsungi.

¹ Þórunn Steindórsdóttir, „Íþróttir og lífsstíll ungs fólks, kannað með hlidsjón af reykingum og neyslu áfengis“ Rannsóknir og greining, 2002.
http://www2.lydheilsustod.is/media/afengi/rannsoknir/ltrottir_og_lifsstill.PDF (sótt 19. Júlí 2011). 17-24.

Einnig hefur Framhaldsskólinn á Húsavík tekið upp svokallaða afreksmannabraut í samstarfi við Völsung. Sú stefna er meðal annars hugsuð til að taka við þeim sem koma í framhaldsskólann og kjósa vímuefnalausan lífsstíl.²

1.2 VÍMUVARNASTEFNA ÍPRÓTTAFÉLAGSINS VÖLSUNGS

Íþróttasamband Íslands (ÍSí) er með ákveðið gæðakerfi sem snýr að hvernig starfsemi íþróttafélaga er háttað. Ef félög óska eftir láta þau ÍSí gera úttekt á starfsemi sinni með það fyrir augum að geta tekið upp gæðastimpilinn „Fyrirmyndarfélag ÍSí“. Til þess að standast kröfur ÍSí verða aðildarfélaginn uppfylla ákvæði varðandi menntun þjálfara, unglिंगastarf og forvarnarstarf svo að dæmi séu nefnd.³ Sú stefnumótun ÍSí varð í raun kveikjan að því að forráðamenn Íþróttafélagsins Völsungs gengu í það verk að uppfylla þau skilyrði sem upp á vantaði til að geta tekið upp gæðastimpilinn „Fyrirmyndarfélag ÍSí“. Einn af þeim þáttum sem upp á vantaði var markviss stefna varðandi forvarnarstarf. Fyrsta skrefið var að samþykkja vímuefnastefnu innan aðalstjórnar Völsungs. Til þess að slík stefna myndi öðlast aukið og dýpra gildi var leitað ráða til að setja upp einhvers konar verkefni sem ungmenni ættu beina aðild að. Lendingin varð sú að knattspyrnudeild félagsins ákvað að tvinna forvarnarstarfið saman við keppnisferð erlendis sem farin yrði hjá 3. flokki karla og kvenna annað hvert ár. Kostir þess að tengja forvarnarstarf við slíka keppnisferð eru ýmsir. Sem dæmi má nefna að undirbúningur og skipulagning ferðar erlendis tekur langan tíma ef vel á að vanda til verka. Því er um að ræða langtímaverkefni þar sem eftirsóknarverður ávinningur er uppskeran, það er að segja utanlandsferð með Völsungi. Íþróttafélagið Völsungur á Húsavík hefur fylgt fordæmi ÍSí og unnið eftir vímuefnastefnu sem samþykkt er innan félagsins. Í samræmi við vímuefnastefnu Völsungs hefur knattspyrnudeild félagsins verið með sér verkefni í gangi frá árinu 2004 sem snýr að iðkendum á aldrinum 13-16 ára. Verkefnið lýsir sér þannig að annað hvert ár sendir Völsungur 3. flokk (iðkendur á 15 og 16 aldursári) karla og kvenna í keppnisferð erlendis. Árin 2005, 2007 og 2009 var farið til Svíþjóðar til að taka þátt í knattspyrnumótinu Gothia Cup, en sumarið 2011 var haldið til Noregs á Norway Cup. Um tveggja ára undirbúningur liggur að baki hverri ferð með fjáröflun og tilheyrandi skipulagningu. Fyrsta skrefið í undirbúningnum er undirritun samnings á milli þeirra sem hyggjast taka þátt og Völsungs. Foreldrar og forráðamenn skrifa einnig upp á

² Framhaldsskólinn á Húsavík. Afreksíþróttir AFÍ – 112. <http://fsh.is/namid/afangar/nyir-afangar/> (sótt 19. Júlí 2011)

³ Íþróttasamband Íslands „ÍSí“, Fyrirmyndarfélag ÍSí, <http://www.isi.is/pages/fraedslumal/fyrirmyndarfelagisi/> (Sótt 19. Júlí 2011).

samkomulagið. Samningurinn felur í sér að iðkendur samþykkja að neyta ekki áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna. Einnig skuldbindur viðkomandi sig til að vera ekki fjarverandi án leyfis þjálfara í meira en 15 % æfinga út það sumar sem ferðin er farin. Ef samningur þessi er brotinn missir viðkomandi einstaklingur rétt til þátttöku í verkefninu. Fyrstu drög að vímuvarnasamningi Völsungs voru gerð árið 2004 og því þótti brýnt verkefni að horfa yfir farinn veg og rýna í hvernig og hvort sú stefna sem unnið er eftir sé að skila árangri. Frá því að verkefnið hófst hefur það hlotið ýmsa styrki og má meðal annars nefna úthlutun frá forvarnarsjóði árið 2008.⁴

1.3 FRÆDILEG NÁLGUN

Fjöldi rannsókna og fræðigreina hafa verið unnar varðandi vímuefnanotkun unglunga og áhrif jafningjahópa. Jafningjahópar eru taldir geta haft mikil mótunaráhrif á einstaklinga þar sem að unglingar eyða að jafnaði meiri tíma með jafnöldrum sínum en foreldrum sínum. Jafningjahópar eru umhverfis unglunga í skóla og í tómsundum og þar af leiðandi má álykta að ákveðinn félagslegur þrýstingur geti skapast til að hegða sér á einn eða annan hátt. Það getur átt við hvort sem um er að ræða þátttöku í félagslífi, íþróttum eða tónlist svo að dæmi séu tekin.⁵

Hugmyndafræðin á bak við vímuvarnasamning Völsungs er að koma saman jafningjahópi sem stundar íþróttir og kýs að sniðganga áfengi, tóbak og ólögleg vímuefni. Það að tilheyra hópi af einhverju tagi getur reynst sumum öflugt haldreipi til að standa gegn þrýstingi sem hvetur til óæskilegrar hegðunar, eins og að neyta áfengis og tóbaks á unglingsárum. Það form sem er nú á vímuvarnarsamningi Völsungs þýðir að heildarsamningstíminn er um tvö ár, eða frá um 13 eða 14 ára aldri til 15-16 ára.

1.4 ÖNNUR VÍMUVARNARVERKEFNI

EKKI er vitað til þess að samskonar verkefni og Völsungur hefur verið með sé í gangi annars staðar en einhverjir hafa þó sett sig í samband við þjálfara og forráðamenn Völsungs og lýst yfir áhuga á því að fylgja þessu fordæmi. Fjöldi annarra vímuvarnaverkefna eru unnin víðsvegar um landið. Ólík hugmyndafræði og framkvæmd kann að vera á mismunandi verkefnum þó svo að markmiðin séu þau sömu. Hér verða nokkur af þeim verkefnum sem hafa verið í gangi útskýrð nánar.

⁴ Lýðheilsustöð. *Úthlutun úr forvarnarsjóði 2008*. (Reykjavík: Lýðheilsustöð, 2008).

⁵ Thorolfur Thorlindsson og Jon Gunnar Bernburg, „Peer Groups and Substance use: Examining the Direct and Interactive Effect of leisure Activity. *Adolescence* 162 (2006): 321-323.

Ákveðna þætti má sjá í þessum verkefnum þar sem finna má ákveðna samsvörun við vímuvarnasamning Völsungs.

- **Flott án fíknar**

Sambærilega hugmyndafræði og er við lýði hjá knattspyrnudeild Völsungs má til dæmis finna í verkefninu „*Flott án fíknar*“ sem er forvarnarverkefni sem er undir stjórn Ungmennafélags Íslands. Hugmyndafræði verkefnisins byggist á jákvæðri styrkingu líkt og verkefni knattspyrnudeildar Völsungs. Með því að hrósa þeim sem kjósa vímuefnalausan lífsstíl er líkleggra að unglingar hafi minni eða jafnvel enga þörf fyrir notkun áfengis og tóbaks í framtíðinni.

Markmið verkefnisins *Flott án fíknar* er að koma í veg fyrir að unglingar byrji að fíka með tóbak og áfengi. Verkefnið byggir á því að þátttakendur taka þátt í svonefndum klúbbum sem starfræktir eru innan félagsmiðstöðva, skóla eða annars staðar þar sem börn og unglingar koma saman. Þátttökurétt í klúbbum fá allir þeir er samþykkja skriflegan samning þar sem því er heitið að vera reykt- og vímuefnalaus. Klúbbarnir hafa ákveðið sjálfstæði til að útfæra starf sitt en það byggir fyrst og fremst á samverustundum. Rannsóknir sýna að jafningjahópar eru þungamiðjan í lífi unglunga og með þeim eyða unglingar mun meiri tíma en til dæmis með foreldrum.⁶

- **Samanhópurinn**

Samanhópurinn er nafn hóps sem hefur það að markmiði að auka samstarf á meðal þeirra sem vinna að forvörnum. Mikil áhersla er lögð á foreldrar séu virkir í sínu hlutverki og verji tíma með börnum sínum. Markmið hópsins er að koma í veg fyrir áhættuhegðun barna og unglunga með því að styðja við heilbrigðan lífsstíl. Samtökin stefna einnig að því að efla samstarf allra þeirra sem vinna að forvörnum af einhverju tagi. Ýmis átaksverkefni hafa verið í gangi hjá hópnum tengd atburðum þar sem unglingar hafa hópast saman og neytt áfengis. Sem dæmi um atburði þar sem unglingadrykkja hefur verið áberandi má nefna Verslunarmannahelgi, 17.júní og árámót.⁷

⁶ Flott án fíknar „UMFÍ“ http://www.flottanfiknar.is/umfi/flott_an_fiknar/ (sótt 4. júlí 2011)

⁷ Samanhópurinn. „Samanhópurinn“

<http://www.samanhopurinn.is/index.php?option=content&task=view&id=1&Itemid=24> (sótt 4.júlí 2011)

- **Afreksmannabraut Framhaldsskólans á Húsavík**

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur sett í gang ákveðna braut innan framhaldsskólans sem kallast afreksmannabraut þar sem að hugmyndafræðin er sambærileg og er í vímuvarnarsamningi Völsungs. Samningur er gerður á milli skóla og nemenda þar sem þeir lýsa því yfir að nota ekki áfengi, tóbak eða ólögleg vímuefni. Þannig geta nemendur unnið sér inn auka einingar með íþróttaástandun sinni. Einnig eru nemendur aðilar að ákveðnum hópi sem hefur það að markmiði að lifa heilbrigðum lífsstíl án vímuefna.⁸

⁸ Framhaldsskólinn á Húsavík. Afreksíþróttir AFÍ – 112. <http://fsh.is/namid/afangar/nyir-afangar/> (sótt 19. Júlí 2011)

2. RANNSÓKN OG FRAMKVÆMD

2.1 VIÐFANGSEFNI

Verkefnið felst í rýni á framkvæmd vímuvarnastefnu Völsungs. Skoðuð er stefnan og hugmyndafræðin sem upphaflega var höfð að leiðarljósi þegar verkefninu var ýtt úr vör. Upplifun þátttakenda og þeirra sem eiga aðild að samkomulaginu mun endurspeglar stöðu verkefnisins í dag.

Rannsóknarspurningin sem höfð var að leiðarljósi er hvort verkefnið sé að skila tilætluðum árangri í sambandi við vímuvarnir. Sú rannsóknarspurning endurspeglar þær hugmyndir sem forráðamenn Völsungs hafa gagnvart verkefninu. Væntingar þeirra til vímuvarnarverkefnisins eru þær að það minnki unglíngadrykkju, komi í veg fyrir tóbaksnotkun unglínga og stuðli að minna brottfalli úr íþróttum á unglíngsárunum. Spurningalistinn er hannaður með það fyrir augum að leita svara við þeirri spurningu þó svo að ýmislegt annað megi lesa út úr svörum.

Rannsókn þessi nær til allra iðkenda og foreldra/forráðarmanna þeirra sem fóru erlendis árin 2005, 2007 og 2009. Rannsóknin nær ekki til þeirra sem eru þátttakendur vímuvarnaverkefninu eins og er og munu halda til Noregs sumarið 2011 þar sem samningurinn við þá einstaklinga er enn í gangi þegar þetta verkefni er unnið.

2.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Um er að ræða meginlega rannsókn. Nafnlausir spurningalistar sem lagðir voru fyrir iðkendur og foreldra spila stærstan þátt í rannsókninni. Haft var samband við alla þá iðkendur sem haldið hafa í æfingaferð erlendis eftir að hafa gert vímuvarnasamning við Völsung í gegnum síma eða tölvupóst. Ef iðkendur féllust á að taka þátt í rannsókninni var sendur rafrænn spurningalisti til þeirra og foreldra/forráðamanna þeirra.

Gerðir voru tveir spurningalistar. Annar ætlaður iðkendum og hinn var sendur til foreldra þeirra eða forráðamanna. Spurningarnar í listunum tveimur voru hliðstæðar þannig að mögulegt var að bera saman svör iðkenda og foreldra/forráðamanna. Svokallaður *Likert* kvarði var áberandi í spurningalistunum. Þar er spurningin orðuð bæði jákvætt og neikvætt og hvert svar hefur tvo póla með hlutlausu miðgildi.⁹ Flestar spurningarnar voru lokaðar þar sem ákveðnir svarmöguleikar voru í boði. Þó

⁹ Rick H. Hoyle, Monica J. Harris og Charles M. Judd. *Research Methods in Social Relations*. (New York: Wadsworth publishing co., INC., 2003), 171.

voru nokkrar spurningar sem voru hálfopnar þar sem færi gafst á að bæta einhverju með eigin orðum ef fólki fannst þörf á því. Ef vímuvarnasamningurinn var brotinn af svaranda á einhvern hátt var viðkomandi beðinn um að lýsa eða segja frá broti sínu með eigin orðum.

Spurningalistinn sem lagður var fyrir iðkendur var í heild sinni 27 spurningar. Ekki er þó víst að allir hafi þurft að svara öllum spurningunum þar sem mismunandi svör gerðu það að verkum að ákveðinna spurninga var spurt. Sem dæmi má nefna að spurt var um hvort viðkomandi hafi vitað af einhverju broti á vímuvarnasamningnum. Ef svarið var jákvætt var spurt nánar um hversu margir brutu af sér og hvort gripið var til aðgerða vegna brotsins eða brotanna. Ef svarað var að ekki væri vitað um brot á samningi var eðlilega ekki spurt nánar út í það. Spurningalisti foreldra/forráðamanna var 23 spurningar í heild sinni en einnig er ekki víst að þurft hafi svör við öllum spurningunum af sömu ástæðum og nefndar voru í sambandi við spurningalista iðkenda. Spurningalisti foreldra/forráðamanna var styttri af þeim sökum að ekki var spurt jafn ítarlega út í vímuefnanotkun foreldra og iðkenda.

Vefforritið surveymonkey var notað við gerð og framkvæmd spurningalistanna. Sú aðferð er þægileg í framkvæmd og úrvinnslu þó svo að viss hættu sé á því að svörun verði ekki nægilega góð eins og er stundum með spurningalista almennt. Gert er ráð fyrir að svarendahópurinn sé vel netvæddur og þá sérstaklega iðkendahópurinn. Einnig var heimilda leitað með formlegum jafnt sem óformlegum viðtölum við þjálfara og aðra sem komið hafa að vímuvarnaverkefni Völsungs með einum eða öðrum hætti.

2.3 ÞÁTTAKENDUR

Þýðið í rannsókninni voru þeir iðkendur knattspyrnu og foreldrar/forráðamenn hjá Íþróttafélaginu Völsungi er tóku þátt í vímuvarnaverkefni Völsungs á árunum 2005-2009 og fóru með félaginu erlendis. Ekki er um neitt eiginlegt úrtak að ræða þar sem að leitast var eftir því að hafa samband við allt þýðið, það er að segja alla iðkendur og eitt foreldri eða forráðamann þeirra.

Einn spurningalisti var lagður fyrir iðkendur og annar fyrir foreldra/forráðamenn. Spurningalistarnir voru ekki nákvæmlega eins en þó þannig uppbyggðir að hægt væri að bera saman svör iðkenda og foreldra/forráðamanna. Heildarfjöldi þeirra iðkenda sem tekið hafa þátt í vímuvarnaverkefninu er 112 einstaklingar, 47 drengir og 65 stúlkur. Eitt foreldri eða forráðamaður skrifar undir hvern samning. Fjöldi

foreldra/forráðamanna sem tekið hafa þátt er 99. Ástæða mismunarins er sú að 13 systkini eru í hópnum. Foreldrar þeirra svöruðu einum spurningalista fyrir hvert barn.

2.4 SVARHLUTFALL

Iðkendur

Heildarfjöldi iðkenda sem náðist til var 108 af 112. Alls bárust 87 svör við könnuninni sem þýðir rúmlega 80 % svörun sem er gott svarhlutfall. Um er að ræða þrjá ferðahópa og hver ferðahópur samanstendur af tveimur árgöngum. Úr ferðahópnum árið 2005 bárust 29 svör, 2007 bárust 28 svör og 2009 bárust 30 svör. Dreifingin á milli ferðahópa var því mjög góð. 52 stelpur svöruðu á móti 35 strákum en eins og áður sagði hafa fleiri stelpur en strákar tekið þátt í vímuvarnasamningi Völsungs.


Foreldrar

Heildarfjöldi foreldra sem náðist í var 81 af 99 og af þeim svaraði 71 einstaklingur. Heildarsvörun er því tæp 72% sem er ekki jafn gott og hjá iðkendum, en engu að síður býsna gott svarhlutfall. Muninn má ef til vill útskýra með því að yngri kynslóðir eru netvæddari en eldri. Aldursdreifingin var þannig að 8,5% svarenda var á aldrinum 36-40 ára, 40,8% var 41-45 ára, 31% var 46-50 ára og 19,7% var 51 árs eða eldri. Kvenfólk var mun meira áberandi í svörun foreldra en 52 konur svöruðu á móti 16 körlum.

3. SPURNINGARNAR


Viðhorf til vímuvarna

Spurning : Telur þú vímuvarnir vera mikilvægt eða lítilvægt málefni
Iðkendur



Mynd 1: Viðhorf til vímuvarna: Iðkendur

Spurning : Telur þú vímuvarnir vera mikilvægt eða lítilvægt málefni
Foreldrar/forráðamenn




Mynd 2: Viðhorf til vímuvarna: Foreldrar/forráðamenn

Í grunninn er afstaða foreldra og iðkenda mjög lík. Foreldrar eru meira afgerandi í þeirri afstöðu sinni að vímuvarnir skipti mjög miklu máli og er einungis einn sem svarar ekki mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt. Yfir 90% foreldra segja að vímuvarnir séu frekar mikilvægar eða mjög mikilvægar. Iðkendur eru í heildina sömu megin á kvarðanum og foreldrar en þó telja ekki jafnmargir vímuvarnir mjög mikilvægar. Heilt yfir má lesa það út að vímuvarnir teljast vera mikilvægar þar sem yfir 90% foreldra og iðkenda svara frekar mikilvægt eða mjög mikilvægt.

Áfengisaldur

Spurning : Á hvaða aldri finnst þér í lagi að fólk byrji að drekka áfengi?


Iðkendur



Mynd 3: Áfengisaldur: Iðkendur

Spurning : Á hvaða aldri finnst þér í lagi að fólk byrji að drekka áfengi?

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 4: Áfengisaldur: Foreldrar/forráðamenn

Svörun við spurningu varðandi áfengisaldur er mjög athyglisverð þar sem foreldrum og iðkendum ber ekki saman. 8% foreldra eru þeirrar skoðunar að fólk eigi yfir höfuð ekki að drekka á meðan 2% iðkenda eru þeirra skoðunar. Enginn, hvorki foreldrar né iðkendur, svarar spurningunni með því að það sé í lagi að byrja að drekka áfengi undir 16 ára aldri. Rúmlega 30% iðkenda telja að það sé í lagi að byrja að neyta áfengis á aldrinum 16-17 ára á meðan að rétt rúmt 1% foreldra er þeirrar skoðunar. Aldurshópurinn 18-19 ára fær mest fylgi hjá iðkendum eða tæp 60% á meðan sá aldurshópur fær 30% atkvæða hjá foreldrum. 20 ára og eldri fær ekki nema 8% fylgi


hjá iðkendum á meðan það er sá aldurshópur sem fær langflest atkvæði hjá fullorðnum eða rúmlega 60%. Athyglisvert er að velta þessu tölum fyrir sér í ljósi þeirrar umræðu sem annað slagið kemur upp með að lækka áfengiskaupaaldur í 18 ár. Samkvæmt þessum tölum yrði yngri fólk hlynntari því en eldra. Nefna má hér að ákveðið ósamræmi er í aldurstakmörkunum skemmtistaða sem oft hleypa 18 ára fólki inn en hafa ekki leyfi til að selja þeim áfengi.

Frammistaða við vímuvarnasamning

Frammistaða einstaklinga á samningstímanum var skoðuð út frá tveimur hliðum samningsins. Annarsvegar ástundunarpáttur og hins vegar vímuvarnapáttur. Einstaklingar lögðu sjálfir mat á frammistöðu sína og einnig lögðu foreldrar/forráðamenn mat á frammistöðu barna sinna. Ef samningsákvæði voru af einhverjum ástæðum ekki uppfyllt *mjög vel*, var beðið um nánari útskýringu á því.

Spurning : Hversu vel eða illa myndir þú segja að þú hafir uppfyllt vímuvarnapátt samningsins meðan á honum stóð?


Iðkendum



Mynd 5: Frammistaða við vímuvarnapátt: Iðkendum

Spurning : Hversu vel eða illa myndir þú segja að barn þitt hafi uppfyllt vímuvarnarpátt samningsins meðan á honum stóð?

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 6: Frammistaða við vímuvarnarpátt: Foreldrar/forráðamenn

Iðkendur og foreldrar virðast vera sammála í því hvernig iðkendur stóðu við vímuvarnarpátt samningsins. Um 96 % foreldra telja að sá þáttur hafi verið mjög vel uppfylltur á móti 90% iðkenda. Líta má þannig á að foreldrar virðast hafa nokkuð góða innsýn í það hvort barnið er að nota eða fíkta við áfengi, tóbak eða vímuefni. Níu iðkendur sögðust ekki hafa staðið fullkomlega við samninginn og játuðu að hafa drukkið áfengi á samningstímanum og einn sagðist hafa neytt bæði áfengis og tóbaks.

Fyrirvari er þó settur við svör foreldra þar sem þrír sögðust halda að vímuvarnarpátturinn hafi ekki verið uppfylltur fullkomlega. Einn aðili útskýrði það ekki nánar, og annar virðist hafa misskilið spurninguna þar sem að svarið var á þá leið að viðkomandi hafi ekki alltaf getað mætt vegna vinnu, og væntanlega þá átt við ástundun og æfingasókn. Því var einungis eitt foreldri sem játaði það að barn sitt hafi neytt áfengis á samningstímanum.

Brot á samningi

Spurt var um hvort einstaklingar vissu af brotum á vímuvarnaákvæði samningsins. Fyrirvari er settur við það að þótt meiri hluti iðkenda viti af broti eða brotum á samningnum má vel vera að um fá brot sé að ræða í hverjum ferðahópi.

Tæplega 74% iðkenda (64 einstaklingar) vissu af því að einhver hafi brotið vímuvarnaþátt samningsins en einungis 45% foreldrar (34 einstaklingar) töldu sig vita af slíku broti.

Það kemur ekki á óvart að iðkendur skuli hafa meiri vitneskju um hvort einhver hafi brotið vímuvarnasamninginn. Iðkendur ættu eðlilega að hafa meiri innsýn en foreldrar í það hvað er að gerast í jafningjahópnum.

Fjöldi brota

Ef vitað var um brot á vímuvarnaákvæði samningsins var spurt nánar út í það og hversu mörg brot var vitað um.

Af þeim iðkendum sem vissu af brotum vissu 13 af einu broti, 34 vissu af tveimur, 12 vissu af þremur brotum og fimm iðkendur töldu sig vita af fjórum brotum á vímuvarnaákvæði samningsins.

Eins og í liðnum á undan vissu foreldrar um færri brot en iðkendur en 16 foreldrar vissu af einu broti, 12 vissu af tveimur og sex foreldrar vissu af þremur brotum.

Aðgerðir vegna brota á vímuvarnaþætti samningsins

Frá því að Völsungur byrjaði með vímuvarnasamninginn hefur það komið upp þrisvar að iðkendum hefur verið vísað úr ferðahóp vegna vímuvarnabrots. Eitt skipti af þessum þremur kom upp sumarið 2011 en rannsóknin nær ekki til þess ferðahóps og því ætti það atvik ekki að koma fram í svörum þátttakenda.

Spurt var eftir því hvort vitað væri um brot á vímuvarnaþætti samningsins þar sem einstaklingi var ekki vikið úr ferðahópnum.

- 28 einstaklingar vissu um brot þar sem ekkert var gert eða ekki komst upp um brotið.
- 26 einstaklingar vissu af því að áminning hafi verið gefin vegna brots, án þess að viðkomandi hafi verið vísað úr ferðahópnum.
- Foreldrar vissu eðlilega ekki um jafn mörg tilfelli en 12 vissu af broti þar sem ekkert var gert eða ekki komst upp um brotið.
- Sex foreldrar vissu til þess að áminning hafi verið gefin án þess að vísað hafi verið úr ferðahópnum.

Ef þessar tölur eru skoðaðar má sjá að eitthvað hefur verið um það að samningurinn hafi verið brotinn án þess að gripið hafi verið til aðgerða. Hvort sem það kann að vera vegna þess að ekki hefur komist upp um brot eða þá að horft hafi


verið fram hjá því verður að segjast að mikilvægt er að tekið sé á þeim brotum sem kunna að eiga sér stað. Hins vegar má ekki gleyma því að erfitt getur verið að færa sönnur á það að brot hafi átt sér stað.

Ástundunarþáttur samningsins

Vímuvarnasamningur Völsungs er tvíþættur samningur eins og áður hefur komið fram. Hann felur einnig í sér ákvæði varðandi ástundun æfinga, en óheimilt er að vera fjarverandi án leyfis þjálfara meira en 15% æfinga. Hátt hlutfall svarenda (foreldrar og iðkendar) taldi þann hluta hafa verið mjög vel uppfylltan eða um 90%.

Spurning: Hversu vel eða illa myndir þú segja að þú hafir uppfyllt ástundunarþátt samningsins meðan á samningnum stóð?


Iðkendar



Mynd 7: Frammistaða við ástundunarþátt: Iðkendar

Spurning: Hversu vel eða illa myndir þú segja að þú/barn þitt hafi/r uppfyllt ástundunarþátt samningsins meðan á samningnum stóð?

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 8: Frammistaða við ástundunarþátt: Foreldrar/forráðamenn

Eins og sjá má eru skífurnar nánast eins. Nokkrir iðkendur virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því að verið var að spyrja um ástundunarþátt samningsins og svöruðu því líkt og um vímuvarnaþátt samningsins væri að ræða. Ástæður sem gefnar voru fyrir því að ástundunarþáttur samningsins var ekki uppfylltur fullkomlega voru til dæmis : *meiðsli, veikindi, vann vaktavinnu, aðrar íþróttæfingar sköruðust, bjó utan Húsavíkur og átti því ekki alltaf heimangengt og því miður ekki nógu mikill áhugi.*


Miðað við þessar tölur er heilt yfir hægt að segja að miðað við það form sem nú er á samningnum er ástundunarþátturinn ekki vandamál. Hins vegar er mætingalisti sem þjálfari heldur utan um ef til vill eina marktæka mælingin á mætingu iðkenda. Auðveldara er að hafa eftirlit með ástundunarþætti samningsins en líkt og með vímuvarnaþátt samningsins þarf að vera skýrt í upphafi hverjir skilmálar samningsins eru.

Innsýn þjálfara

Þjálfarar gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd vímuvarnasamnings Völsungs. Þeir eru stjórnendur æfinga og umgangast því iðkendur reglulega. Þeir hafa innsýn í hópinn og hegðun einstaklinga á æfingum og jafnvel utan þeirra. Spurt var hvernig fólk myndi meta þá innsýn sem þjálfarar hefðu í hegðun hópsins.

Spurning: Segjum sem svo að þú vitir af því að einhver úr samferðahópi þínum hafi gerst brotleg(ur) við vímuvarnasamning Völsungs. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þjálfarar komist að slíku broti?


Iðkendum



Mynd 9: Innsýn þjálfara: Iðkendum

Spurning: Segjum sem svo að þú vitir af því að einhver úr samferðahópi barns þíns hafi gerst brotleg(ur) við vímuvarnasamning Völsungs. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þjálfarar komist að slíku broti?

Foreldrar/forráðamenn




Mynd 10: Innsýn þjálfara: Foreldrar/forráðamenn

Foreldrar virðast hafa mikla trú á innsýn þjálfara og segja rúm 30% að mjög líklegt sé að þjálfari komist að broti ef einhver eru á mót 16% iðkenda. Meirihluti iðkenda eða 47% telur frekar líklegt að þjálfari komist að brotinu og hér um bil sama hlutfall foreldra er sama sinnis eða 48%. Minnihluti svarenda virðist telja að þjálfarar komist

ekki að neinu eða 4% foreldra og 13% iðkenda merkja við *frekar ólíklegt*. 23% iðkenda telur *hvorki líklegt né ólíklegt* að þjálfari komist að broti á móti 16% foreldra, enda má í raun líta á það þannig að brot sem koma upp geta verið jafn margvísleg og iðkendurnir eru margir.

Einnig var spurt um hvernig þjálfarar gætu mögulega komist að því ef einhver bryti gegn vímuvarnaákvæði samningsins. Fyrirvari er settur við að um er að ræða ímyndaðar aðstæður sem svarendum kann að þykja erfitt eða ósanngjarnt að gefa sér. Svarmöguleikar voru í formi fullyrðinga með valmöguleikunum *mjög ólíklegt* til *mjög líklegt* þar sem *hvorki líklegt né ólíklegt* var hlutlaust miðgildi. Opinn svarmöguleiki var einnig í boði þar sem hægt var að bæta við svári með eigin orðu. Spurning: *Þjálfarar komast að því að einhver hefur brotið vímuvarnaþátt vímuvarnasamnings Völsungs, hvernig telur þú að þeir komist að því?*


Iðkendum



Mynd 11: Innsýn þjálfara: Iðkendum

Spurning: Þjálfarar komast að því að einhver hefur brotið vímuvarnabátt vímuvarnasamnings Völsungs, hvernig telur þú að þeir komist að því?

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 12: Innsýn þjálfara: Foreldrar/forráðamenn

Foreldrar og iðkendur eru nokkurn veginn á sama máli með það að þeim þykir mjög ólíklegt eða frekar ólíklegt að sá sem brýtur af sér láti sjálfur eða sjálf vita af því. Meirihluti iðkenda virðist telja *frekar líklegt* eða *mjög líklegt* að æfingafélagar þeirra veiti samningum aðhald og séu alveg eins líklegir til að láta vita af broti annarra en samtals merkja 57 einstaklingar við þann valmöguleika. Foreldrar virðast ekki sannfærðir um aðhald jafningjahópsins og dreifast svör þeirra í þeim lið nokkuð jafnt við miðju kvarðans.

Iðkendur og foreldrar virðast vera sammála um að það sé ekki líklegt að foreldrar láti þjálfara vita af broti hjá sínu eigin barni. Heilt yfir virðast bæði foreldrar og iðkendur telja líklegast að aðrir foreldrar gegni mikilvægu hlutverki í aðhaldi samningsins.

Athygli vekur hversu margir iðkendur telja að æfingafélagarnir segi frá broti innan hópsins og grefur það undan hugmyndum sem segja að unglíngarnir standi saman og kjaffi ekki frá. Þvert á móti virðist vera að iðkendum sé illa við að aðrir úr hópnum brjóti af sér og standi frekar saman í að virða samninginn en að standa saman í að brjóta hann.

Í opnum svörum má segja að fólk hafi verið með svipaðar hugmyndir þó að orðalagið væri ólíkt. Var það á þá leið að í litlu samfélagi myndi brotið fréttast með einum eða öðrum hætti án þess að sérstakar boðleiðir væru algengari en aðrar.

Áhrif samningsins

Spurt var um hvort vímuvarnasamningurinn hafi haft möguleg áhrif á vímuefnaneyslu og íþróttaiðkun. Settar voru fram fullyrðingar þar sem svarendur áttu að segja til um hversu vel eða illa þær ættu við.


Sömu spurningar voru lagðar fyrir iðkendur og foreldra/forráðamenn nema að sett var inn „aðild barns míns“ í stað „aðild mín“ þar sem við átti.

Með fullyrðingunum er leitast eftir því að fá svör um hver áhrif samningsins eru og hvernig iðkendur og foreldrar telja að virkni hans sé. Einnig er leitað svara við því hvort mögulegt sé að samningurinn eigi þátt í því að breyta viðhorfi þátttakenda gagnvart áfengis- og tóbaksnotkun unglinga.

Fullyrðingarnar og svörin voru eftirfarandi:

„Ég tel að aðild mín að vímuvarnasamningi Völsungs hafi gert það að verkum að ég byrjaði síðar eða alls ekki að neyta áfengis.“

Iðkendur




Mynd 13: Áhrif samnings 1: Iðkendur

Svör iðkanda eru mun dreifðari en svör foreldra. Þó er meirihluti sem segir fullyrðinguna eiga frekar vel eða mjög vel við sig eða samtals um 57%. Um 17% segja fullyrðingarnar eiga frekar illa eða mjög illa við sig sem er hátt hlutfall miðað við svör

foreldrana. Nokkuð stórt hlutfall svarar *hvorki vel né illa* eða 26%.

„Ég tel að aðild barns míns að vímuvarnasamningi Völsungs hafi gert það að verkum að það byrjaði síðar eða alls ekki að neyta áfengis.“

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 14: Áhrif samnings 1: Foreldrar/forráðamenn


Foreldrar eru jákvæðari í afstöðu sinni gagnvart þessari spurningu og svörin minna dreifð en um það bil 76% foreldra telja fullyrðinguna eiga *frekar vel* eða *mjög vel* við. Mögulegt er að þeir sem svara með *hvorki vel né illa*, telji að hvort sem samningurinn hafi verið til staðar eða ekki hafi viðkomandi ekki ætlað sér að byrja að neyta áfengis á meðan að samningurinn var í gildi.

35% foreldra telja þessa fullyrðingu eiga *mjög vel* við og má þar með segja að þessi hópur hafi mikla trú á forvarnargildi samningsins.

Einungis 3% telja fullyrðinguna eiga *frekar illa* eða *mjög illa* við og má segja að það gefi nokkuð sterka vísbendingu um trú foreldra á verkefninu.

„Ég tel að aðild mín að vímuvarnasamningi Völsungs hafi gert það að verkum að ég byrjaði síðar eða alls ekki að neyta tóbaks.“


Iðkendur



Mynd 15: Áhrif samnings 2: Iðkendur

Flestir iðkendur telja þessa fullyrðingu eiga mjög vel við sig eða 33%. Þó ber að nefna að 29% telja fullyrðinguna eiga *hvorki vel né illa* við sig en ein leið til að túlka það er að viðkomandi hafi ekki haft áhuga á að neyta tóbaks meðan á samningnum stóð.

„Ég tel að aðild barns míns að vímuvarnasamningi Völsungs hafi gert það að verkum að það byrjaði síðar eða alls ekki að neyta tóbaks.“
Foreldrar/forráðamenn




Mynd 16: Áhrif samnings 2: Foreldrar:forráðamenn

41% foreldra telja þessa fullyrðingu eiga *mjög vel* við, en svipað hlutfall og í spurningunni varðandi áfengi tekur hlutlausu afstöðu. Fáir telja fullyrðinguna eiga *frekar illa* eða *mjög illa* við.

Fyrstu tvær fullyrðingarnar um neyslu áfengis og tóbaks eru náskyldar og því er svörunin nánast sú sama. Í raun mætti draga þessar tvær fullyrðingar saman í eina sem gæti kallast vímuefnabáttur samningsins, en ástæða þótti til til að aðskilja áfengi og tóbak í tvær ólíkar spurningar til þess að ganga úr skugga um að svörunin væri sambærileg.

„Ég tel að aðild mín að vímuvarnasamningi Völsungs hafi gert það að verkum að ég stundaði knattspyrnu lengur en annars hefði orðið.“

Iðkendur




Mynd 17: Áhrif samnings 3: Iðkendur

Algengasta svarið hjá iðkendum er að þessi fullyrðing eigi *hvorki vel né illa* við. Afgangur atkvæðanna fellur nokkuð jafnt niður á hina svarmöguleikana en þó er nokkuð stór hópur sem telur fullyrðinguna eiga *mjög illa* við eða 20%. Athyglisvert er að samtals svara rúm 35% iðkenda spurningunni á þann hátt að fullyrðingin eigi *frekar illa* eða *mjög illa* við, en fáir foreldrar svöruðu fullyrðingunni á þessa leið.

„Ég tel að aðild barns míns að vímuvarnasamningi Völsungs hafi gert það að verkum að það stundaði knattspyrnu lengur en annars hefði orðið.“

Foreldrar/forráðamenn




Mynd 18: Áhrif samnings 3: Foreldrar/forráðamenn

Líkt og iðkendur svara flestir foreldrar á þá leið að fullyrðingin eigi *hvorki vel né illa* við, eða 41%. Tæplega 50% dreifist á *frekar vel* og *mjög vel* og því má álykta að fyrir ákveðið hlutfall iðkenda virki vímuvarnasamningurinn eða réttara sagt utanlandsferðin sem farin er við lok samningsins sem ákveðin gulrót sem kemur í veg fyrir brottfall eða frestar því að minnsta kosti. Fáir foreldrar telja fullyrðinguna eiga *frekar illa* (4%) eða *mjög illa* (8%) við.

„Ég tel að aðild mín að vímuvarnasamningi Völsungs hafi breytt viðhorfi mínu gagnvart áfengis og tóbaksnotkun unglunga.“

Iðkendur




Mynd 19: Áhrif samnings 4: Iðkendur

Flestir iðkendur völdu hlutlaust svar við þessari spurningu eða 38% sem er svipað hlutfall og hjá foreldrum. 26% töldu þessa fullyrðingu eiga *frekar vel* við en einungis 6% töldu fullyrðinguna eiga *mjög vel* við.

Samtals svara 30% iðkendanna fullyrðingunni á neikvæðan hátt. Ein hugsanleg skýring á því er að einhverjir hafi haft fyrirfram ákveðnar hugmyndir varðandi áfengis- og tóbaksnotkun unglunga sem kunna að hafa rímað við vímuvarnastefnu Völsungs og því hafi skoðanir þeirra lítið breyst við samningsaðildina.

„Ég tel að aðild barns míns að vímuvarnasamningi Völsungs hafi breytt viðhorfi þess gagnvart áfengis og tóbaksnotkun unglunga.“

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 20: Áhrif samnings 4: Foreldrar/forráðamenn

Svör foreldra við þessari fullyrðingu dreifðust nokkuð jafnt á hlutlaust svar og jákvæðari hluta kvarðans (samtals um 94%) á meðan fáir voru ósammála. 35% töldu fullyrðinguna eiga *hvorki vel né illa* við og sama hlutfall taldi fullyrðinguna eiga *frekar vel* við. Jafnvel má hugsa sér að viðhorf foreldranna sjálfra gangvart áfengis- og tóbaksnotkun unglunga hafi breyst við aðild að vímuvarnasamningi Völsungs og það endurspeglar í þessu svari.


Heilt yfir má lesa það í svörin við þessum lið að foreldrar virðast hafa meiri trú á vímuvarnasamningnum en iðkendur. Fáir foreldrar töldu fullyrðingarnar eiga *mjög illa* eða *frekar illa* við, en það svar varð oftast fyrir valinu hjá iðkendum.

Gagnsemi vímuvarnasamnings

Spurt var um hvort talið væri að samningurinn væri í raun og veru gagnlegur í forvarnarstarfi og hvernig árangri samningurinn væri í raun og veru að skila. Í ljós kemur að foreldrar virðast sannfærðari en iðkendur um árangur verkefnisins og forvarnargildi þess en 98% foreldra eru á þeirri skoðun að verkefnið sé gagnlegt sem verður að teljast einstaklega jákvæð svörun.

Spurning : Telur þú að sambærilegur vímuvarnasamningur og þú áttir aðild að sé gagnlegur eða ógagnlegur í forvarnarstarfi ?


Iðkendum



Mynd 21: Gagnsemi samnings: Iðkendum

Spurning : Telur þú að sambærilegur vímuvarnasamningur og þú áttir aðild að (ásamt barni þínu) sé gagnlegur eða ógagnlegur í forvarnarstarfi ?

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 22: Gagnsemi samnings: Foreldrar/forráðamenn


Svipaðar tölur koma í ljós þegar spurt er um skylda spurningu eða hversu góðum árangri verkefnið hafi skilað í heild sinni. Það er þá lagt í hendur svarenda að meta hvað er góður eða slæmur árangur. Þó má segja að almennt virðist fólk hafa trú á því að verkefnið sé að skila góðum árangri og enginn svarar því að verkefnið sé að

skila slæmum eða mjög slæmum árangri. Foreldrar eru þó frekar viljugri til að fullyrða að vímuvarnasamningurinn sé mjög gagnlegur í forvarnarstarfi.

Næsta spurning var af svipuðum toga og fyrri spurning varðandi gagnsemi samningsins. Nú var hins vegar spurt hvort talið væri að vímuvarnasamningur Völsungs væri að skila góðum eða slæmum árangri. Við þessa spurningu var gefinn kostur á því að bæta einhverju við með eigin orðum ef fólk vildi.

Spurning: Hversu góðum eða slæmum árangri telur þú að vímuvarnaverkefni Völsungs hafi skilað ?


lökendur



Mynd 23: Árangur samnings: lökendur

Spurning: Hversu góðum eða slæmum árangri telur þú að vímuvarnaverkefni Völsungs hafi skilað ?

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 24: Árangur samnings: Foreldrar/forráðamenn

Eins og sjá má taka foreldrar meira afgerandi afstöðu gagnvart árangursgildi samningsins eða 37% sem telja samninginn hafa skilað mjög góðum árangri, á móti aðeins 15% iðkenda. Algengasta svarið hjá báðum hópum er engu að síður það að vímuvarnaverkefnið hafi skilað frekar góðum árangri. Tæp 60% foreldra velja þann svarmöguleika og 68% iðkenda. 4% foreldra telja árangur samningsins hvorki góðan né slæman en 17% unglunga eru þeirrar skoðunar. Athyglisvert er að sjá að enginn svarenda, hvorki iðkandi né foreldri taldi samninginn hafa skilað slæmum árangri.

Í opnum svörum kom eftirfarandi fram:

Iðkendur:

„Persónulega stóð ég ekki undir álagi vegna samningsins, en fyrir suma getur samningurinn verið áhrifavaldur í ákvörðun unglings til vímuefnanoðkunar“

„Það þarf að refsa þeim sem brjóta samninginn.“

„Það eru náttúrulega margir sem neyttu ekki áfengis útaf samningnum en svo var náttúrulega fólk sem skrifaði bara undir til að komast með þannig að það fer alveg eftir viðhorfi unglunganna hversu miklum árangri svona samningur skilar.“

„En auðvitað er það bara þitt mál hvort þú viljir ná árangri í þinni íþrótt eða ekki.“

„Ég held að þetta hafi mjög góð áhrif á börn/unglinga. Þau passa sig á að drekka ekki eða neyta tóbaks. Og fær þau til að byrja seinna. Þau sjá hvað heilbriggt lífverni er betra að líf með vímuefnum. Þau vilja frekar sleppa vímuefnum og ná betri árangri og verða betri í þeim íþróttum sem þau eru í. Það er alveg hægt að sjá það að þeim, sem neyta ekki tóbaks eða áfengis, gengur betur og ná betri árangri og krakkarnir sjá það sjálfir. En mér finnst að þau ættu að fá meiri fræðslu og það ætti að tala meira um þetta við þau.“

Foreldrar:

„Þekki dæmi um barn sem var vitað að braut af sér en málið féll niður einfaldlega vegna þess að barnið neitaði sök og var mikilvægt í leikmannahópnum“

„við verðum við samninginn“ (skil þetta ekki alveg???)

„Einnig þjálfarar og félagsandinn“

„tilgangslaus samningur ef ekkert er aðhafst ef einstaklingur brýtur þennan samning“

„mætti vera meiri fræðsla“

„Fer eftir viðmiði og hvenær horft er á hópinn!“


Áberandi er það svar að mikilvægt sé að tekið verði á brotum sem koma upp, en það svar kom einnig fram annars staðar í könnuninni. Einnig má lesa það í svör iðkenda að hjá ákveðnum aðilum virðist samningurinn ekki skipta máli þar sem þau ætli sér ekki að neyta áfengis eða tóbaks hvort sem samningurinn er til staðar eða ekki.

Viðhorf gagnvart vímuvarnasamningi Völsungs

Mikilvægt er að viðhorf foreldra og iðkenda til vímuvarnaverkefnisins sé jákvætt því ólíklegt er að mikill árangur náist af verkefni sem fólk er neikvætt fyrir.

Spurning: Hvernig er viðhorf þitt gagnvart þeim vímuvarnasamningi sem unglingar gera við Íþróttafélagið Völsung?


Iðkendur



Mynd 25: Viðhorf til vímuvarnasamnings 1: Iðkendur

Spurning: Hvernig er viðhorf þitt gagnvart þeim vímuvarnasamningi sem unglingar gera við Íþróttafélagið Völsung?

Foreldrar/forráðamenn



Mynd 26: Viðhorf til Vímuvarnasamnings 1: Foreldrar/forráðamenn

Viðhorf fólks gagnvart vímuvarnasamningi Völsungs er almennt séð jákvætt. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra er mjög jákvæður gagnvart samningnum eða 75%. Meirihluti iðkenda er einnig mjög jákvæður gagnvart samningnum eða 60%. Þó að þeir taki ekki jafn djúpt í árinna og foreldrar eru þetta engu að síður mjög sterk skilaboð. 21% foreldra eru frekar jákvæðir og 33% iðkenda eru einnig á þeirri skoðun. Einungis 4% foreldra og 7% iðkenda eru hlutlaus í svörum sínum. Enginn svarenda er frekar neikvæður eða mjög neikvæður út í það vímuvarnaverkefni sem Völsungur er með í gangi. Séu svör foreldra og iðkenda lögð saman má sjá að 95% svarenda eru frekar jákvæð eða mjög jákvæð gagnvart vímuvarnasamningi Völsungs. Hægt var að bæta við texta ef fólk vildi koma einhverju á framfæri vegna viðhorfs gagnvart samningum. Eftirfarandi kom fram:

„mjög jákvætt ef að það er gert eitthvað í því þegar hann er brotinn“
„til að samningurinn skili tilætlunum árangri þurfa börnin að sjá að farið sé eftir ákvæðum hans ef brot á sér stað.“ „en reglurnar verða að vera mjög skýrar“
„Samningurinn sem gerður er vegna ferðar eins og Nordia cup er að virka, en samningur sem gerður er milli Völsung og framhaldsskólans finnst mér að virki frekar illa ,til dæmis ef að barnið þitt neytir áfengis eða vímuefna er síðan spurt hvort að þetta hafi átt sér stað og barnið er ekki heiðarlegt og segir nei , þá fær hann að halda áfram og fær þetta metið sem eina einingu þótt að það hafi verið ótal vitni að atvikinu“
„Má endurskoða aldur þegar skrifað er undir samning, tel 13 ára börn kannski ekki hafa þroska til að meta samninginn, strax orðið annað eftir fermingu eða um 14 ára aldur.“
„Frábær félagastuðningur.“
„finnst samt að krakkarnir megi fá að æfa knattspyrnu þó þeir skrifi ekki undir


samninginn.

„Þetta skiptir engu máli““

Aftur eru áberandi svör sem segja að samningurinn sé góður séu reglurnar skýrar og farið sé eftir honum ef reglur eru brotnar. Einnig er athyglisvert að skoða það sem er sagt varðandi aldur iðkenda sem skrifa undir samninginn en í þessu tilfalli er það skoðun eins svaranda að ef til vill séu krakkar of ungir til að skrifa undir vímuvarnasamning 13 ára. Að lokum kemur fram það sjónarmið að samningur líkt og vímuvarnasamningur Völsungs skipti engu máli og hafi lítið sem ekkert forvarnargildi. Næst var spurt um viðhorf til þess ef barn í tilfalli foreldra, og yngra systkini eða ættingi í tilfalli iðkenda gæfist færi á skrifa undir vímuvarnasamning Völsungs. Augljóslega hefði ekki verið hægt að spyrja iðkendur hvort þau vildu aftur taka þátt í vímuvarnasamningi Völsungs þar sem þeir eru nú orðnir eldri og þar af leiðandi of gömul fyrir samninginn. En hugmyndin var sú að fólk myndi mæla með þessu formi af samningi fyrir aðra.


Spurning: Segjum sem svo að þú eigir yngra systkini eða ættingja á aldrinum 14-16 ára sem standi til boða að taka þátt í vímuvarnaverkefni Völsungs. Hvert yrði viðhorf þitt til þess?

Iðkendur



Mynd 27: Viðhorf til vímuvarnasamnings 2: Iðkendur

Spurning: Segjum sem svo að þú eigir ungling á aldrinum 14-16 ára sem standi til boða að taka þátt í vímuvarnaverkefni Völsungs. Hvert yrði viðhorf þitt til þess?
Foreldrar/forráðamenn



Mynd 28: Viðhorf til vímuvarnasamnings 2: Foreldrar/forráðamenn

Svörunin er nánast eins hjá foreldrum og iðkendum en óhætt er að segja að fólk sé almennt séð mjög jákvætt fyrir því að mæla með vímuvarnasamningi Völsungs við annað fólk.

Persónulegar upplýsingar

Í þessum kafla var spurt um notkun áfengis og tóbaks hjá viðkomandi. Tilgangur þess er að fá upplýsingar um það hvernig staðan er á vímuefnaneyslu eftir að samningnum lauk. Foreldrar voru einnig spurðir út í áfengis- og tóbaksneyslu, en ekki jafn ítarlega og iðkendur. Áfengis- og tóbaksneyslu spurningar foreldra tengdust í raun ekki aðalviðfangsefni verkefnisins en voru hafðar með ef ástæða eða áhugi var til að skoða það nánar. Einnig má nefna að veruleg kynjaskekkja er í svarhópi foreldra og því fengist ef til vill ekki raunhæft neyslumynstur úr svörum þeirra. Varðandi tóbaksneyslu þá var spurt hvort fólk notaði tóbak að staðaldri. Þá er það sett í hendur svarenda að skilgreina sjálfir hvort það kalli sig tóbaksnotanda eða ekki. 12% iðkenda skilgreina sig sem tóbaksnotendur eða tíu einstaklingar af 87. Af þeim eru fjórir sem nota munntóbak og 6 reykingamenn.

Af þeim tíu einstaklingum sem nota tóbak að staðaldri byrjaði einn að nota tóbak á aldrinum 14-15 ára og má því álykta að viðkomandi hafi þar með brotið vímuvarnasamning Völsungs. Fjórir einstaklingar hófu reglulega tóbaksnotkun á aldrinum 16-17 ára eða innan við ári eftir að vímuvarnasamningnum lauk og í raun áður en fólk hefur náð tilskildum aldri til að kaupa tóbak. Fjórir einstaklingar hófu

tóbaksnotkun á aldrinum 18-19 ára og einn einstaklingur hóf tóbaksnotkun sína 20 ára eða eldri.

Ef tölur iðkenda eru skoðaðar má sjá að af tóbaksnotendum er helmingur sem reykir og helmingur notar munntóbak. Munntóbaksnotkun íþróttafólks og þá sérstaklega fótboltamanna hefur oft verið í umræðunni og er athyglisvert að velta þessum tölum fyrir sér í því samhengi án þess að sérstaklega verði rýnt í það í þessari skýrslu.


Áfengi

Spurningar varðandi áfengisneyslu voru með því sniði að ef fólk sagðist neyta áfengis var spurt nánar út í það. Þá var spurt hversu oft fólk drykki áfengi og hversu gamall viðkomandi hafi verið þegar það fann til ölvunar í fyrsta skipti.

64% iðkenda segjast neyta áfengis en töluleg gildi gefa ef til vill betri mynd en hlutfall í þessari spurningu. Af 87 iðkendum neyta 56 áfengis á móti 31 sem gerir það ekki.

Spurning: Hversu oft neytir þú áfengis?

Iðkendur




Mynd 29: Áfengisneysla iðkenda 1

Algengasta svarið hjá iðkendum er að neyta áfengis 2-3 í mánuði en einnig segjast 30% nota áfengi mánaðarlega. 11% iðkenda virðist neyta áfengis vikulega. Þegar þessi spurning er skoðuð skal þó hafa það í huga að fólk kann að leggja mismunandi meiningu í það að „neyta áfengis“.

Þeir iðkendur sem sögðust neyta áfengis voru spurðir nánar út í áfengisneyslu sína.

Spurning: Hvenær varðst þú ölvaður/ölvuð í fyrsta skipti?

Iðkendur




Mynd 30: Áfengisneysla iðkenda 2

Af þeim iðkendum sem neyta áfengis er sláandi að sjá hversu stórt hlutfall byrjar að drekka á aldrinum 16-17 ára. Það þýðir að um 73% iðkenda byrjar að drekka innan við ári eftir að vímuvarnasamningi Völsungs lýkur. 4 einstaklingar eða tæp 7% hafa drukkið á aldrinum 14-15 ára sem þýðir að þau hafa gerst brotleg við vímuvarnasamninginn. Enginn af þeim sem neytir áfengis hefur byrjað á því 20 ára og eldri. Þó ber að hafa í huga að rúmlega helmingur iðkenda sem svaraði könnuninni er fæddur 1992 eða síðar og því ekki orðin 20 ára. Hins vegar er umhugsunarefni að úr hópi svarenda sem neyta áfengis virðist enginn fara eftir lögum varðandi áfengis kaupaldur.

Hreyfing iðkenda

Að lokum voru iðkendur beðnir um að segja hversu oft í viku þeir stunduðu íþróttir eða annars konar hreyfingu. Markmiðið með þessari spurningu var að forvitnast um lífsstíl ungmenna og sjá hversu virkir þeir eru varðandi hreyfingu af hvaða tagi sem hún kann að vera.

Spurning: Hversu oft stundar þú íþróttir eða annars konar hreyfingu?



Mynd 31: Hreyfing iðkenda

Ekki var skilgreint nánar við hvers konar hreyfingu er átt. Göngutúr hefur því jafnt gildi og íþróttæfing undir leiðsögn þjálfara. Gaman er að sjá að meira en helmingur svarenda stundar hreyfingu fjórum sinnum eða oftár í viku og 25% stundar hreyfingu 2-3 sinnum í viku. Það þýðir að um 85% iðkenda eru að stunda íþróttir eða hreyfingu tvisvar sinnum í viku eða oftár.

4. NIÐURSTÖÐUR

Flestir svarenda, hvort sem er úr hópi foreldra eða iðkenda eru á þeirri skoðun að vímuvarnir séu mikilvægar og einnig er viðhorf fyrrum þátttakenda gagnvart vímuvarnasamningi Völsungs jákvætt. Því má draga þá ályktun að full þörf og vilji sé fyrir því að hafa einhvers konar vímuvarnaverkefni í gangi, sama hvaða nafni það er nefnt og undir hverra merkjum það er framkvæmt. Það verkefni sem Völsungur er með í gangi hefur kosti og galla. Heilt yfir virðast foreldrar vera heldur jákvæðari og hafa meiri trú á verkefninu en iðkendur. Það má til dæmis sjá í spurningum sem snúa að gagnsemi samningsins í forvarnarstarfi og mat á árangri verkefnisins í heild sinni þar sem foreldrar taka sterkara undir það að samningurinn sé að skila góðum árangri. Þegar spurt var eftir því hvort fólk væri jákvætt fyrir því að taka þátt í verkefninu aftur eða mæla með því fyrir vini eða ættingja var svörunin á þá leið að áberandi góður hljómgrunnur var fyrir því.

Eitthvað virðist vera um það að samningurinn sé brotinn og vissu tæplega 70% iðkenda um dæmi þess, en þó ber að nefna að yfir 90% iðkenda sögðust hafa uppfyllt vímuvarnapátt samningsins mjög vel. Í opnum spurningum er áberandi að fólk vill koma þeirri skoðun á framfæri að mikilvægt er að reglurnar séu skýrar til þess að samningurinn hafi raunverulegt gildi. Eins og gefur að skilja er tilgangslaust að gera samning við ungmennin ef litlu máli skiptir hvort farið er eftir efni samningsins eða ekki. Nefna má að eftirlit með frammistöðu iðkenda ætti ekki að vera vandamál þar sem meirihluti iðkenda og foreldra telur þjálfara eiga að hafa nokkuð góða innsýn og eftirlit með hugsanlegum brotum á vímuvarnapætti samningsins.

Töluvert ber á því að iðkendur virðast svara með þeim hætti að í sjálfu sér skipti samningurinn ekki höfuðmáli þar sem að viðkomandi hafi ekki ætlað sér að drekka eða reykja og æfa knattspyrnu hvort sem samningur hafi verið gerður eða ekki. Foreldrar virðast þó hafa aðra sýn en iðkendur á það og því til rökstuðnings má vísa til fullyrðingaspurninga varðandi aðild að vímuvarnasamningi Völsungs.

Víða í könnuninni kom fram sú hugmynd frá svarendum að æskilegt væri að hafa meiri fræðslu varðandi vímuefnaneyslu og þá kosti þess að vera vímuefnalaus. Með því væri samningurinn í raun virkari og fólk yrði meðvitaðra um markmið og innihald samningsins.

Að þessari rannsókn lokinni er þó óhætt að segja að verkefnið virðist vera á góðri leið þó einhverjar útfærsluleiðir megi ef til vill endurskoða. Í upphafi var sú spurning höfð að leiðarljósi hvort vímuvarnasamningur Völsungs sé að skila árangri. 90%

iðkenda sem svöruðu könnuninni segjast hafa uppfyllt vímuvarnapátt samningsins mjög vel og enn eru um 38% svarenda sem ekki neyta áfengis.

Rannsóknarspurningunni má þar af leiðandi svara játandi þar sem að rúm 90% svarenda fara eftir settum reglum. Erfitt og jafnvel óraunhæft er að ætlast til þess að 100% virkni sé af samningi sem þessum þar sem áfengi og tóbak eru efni sem eru samfélagslega viðurkennd og aðgengi tiltölulega auðvelt. Hins vegar verður að setja háleit markmið ef árangur á að nást og forvarnargildi samningsins á að vera raunverulegt.

5. UMRÆÐUR

Við rannsókn eins og þá sem hér hefur verið unnin vakna ýmsar spurningar og vangaveltur varðandi vímuvarnaverkefnið sem Íþróttafélagið Völsungur hefur verið með. Þar sem um er að ræða frumkvöðlastarf í tilviki vímuvarnasamnings Völsungs er eðlilegt að menn viti ekki nákvæmlega um árangur og virkni starfsins. Eins og áður hefur komið fram virðist vera fullur vilji og áhugi hjá foreldrum og iðkendum að vera með virkt forvarnarstarf af einhverju tagi og virðist vera almenn samstaða um mikilvægi málefnsins. Einnig hefur mátt greina áhuga í gegnum samtöl við þá sem hafa á einhvern hátt komið að vímuvarnastefnu Völsungs á einn eða annan hátt. Einnig er það vilji forráðamanna Íþróttafélagsins Völsungs að horfa gagnrýnum augum á vímuvarnasamninginn og athuga hvort eitthvað megi betur fara. Hér verða nokkrar af þeim hugmyndum og vangaveltum settar fram og rök með og á móti íhuguð án þess að bein afstaða verði tekin um það hvort hugmyndirnar séu góðar eða slæmar.

Oftar en einu sinni kom fram í svörum þátttakenda að strangar reglur þyrftu að vera og refsar þyrfti þeim sem af sér brjóta. Jafnvel þyrfti að setja skýrari reglur og viðurlög með brotum. Á að veita aðvaranir við brotum eða á eitt brot að útiloka frekari þátttöku? Einnig mætti hugsa sér að við upphaf samningstíma væri skýrt út fyrir öllum hver viðbragðsáætlunin sé ef brot kemur upp. Slíkar reglur myndu ef til vill styrkja stöðu samningsins og taka af allan vafa ef einhver brýtur samninginn. Einnig mætti gera ákveðna viðbragðsáætlun til að veita þeim aðhald sem brjóta samninginn. Útilokun úr ferðahópi er ef til vill það versta sem gæti gerst fyrir einstaklinga sem veikari eru fyrir áhrifum og þrýstingi og þurfa hvað mest á stuðningi að halda.

Einnig hafa heyrst raddir um að hækka eigi aldur þeirra sem skrifa undir. Kom það sjónarmið fram í svörum foreldra og annars staðar. Þá var sagt að með slíkum samningi væri í raun verið að setja fram til unglinga þann valmöguleika að neyta áfengis og tóbaks. Af sama skapi að 13 ára unglingar hefðu tæplega þroska til að meta samninginn og því ætti að endurskoða undirskriftaraldurinn. Á móti má segja að þar sem að áfengi og tóbak eru samfélagslega viðurkennd vímuefni er erfitt að segja hvencær einstaklingar sjá það sem möguleika að byrja að nota þau. Einstaklingar eru mismunandi að þroska og þarf það ekki að vera tengt aldri hvencær ákveðnum þroska er náð. Það má velta því fyrir sér hvort rétt væri að gera samning við um það bil helming ferðahópsins þar sem hver ferðahópur samanstendur af

tveimur árgöngum.

Margt athyglisvert kemur í ljós þegar rýnt er í tölur í sambandi við aldur og áfengi. Ungmennin virðast telja að í lagi sé að byrja að drekka áfengi fyrr en foreldrar vilja meina. Umræðan um lækkun áfengiskaupaaldurs kemur reglulega fram og samkvæmt þessari könnun virðast kynslóðirnar ekki á sama máli um það.

Sláandi er hversu margir hefja áfengisneyslu á næsta ári eftir að samningstímanum lýkur. Framhaldsskólinn á Húsavík hefur verið með afreksmannabraut innan skólans sem hefur að einhverju leyti tekið við keflinu þegar unglingar ljúka við vímuvarnasamning Völsungs. Ef til vill má efla það til muna eða finna aðrar leiðir til að taka við unglungum sem kjósa vímulausan lífsstíl.

Það að verkefnið sé tengt Íþróttafélagi Húsavíkur skapar það ákveðna nálægð sem ef til vill væri ekki til staðar ef um verkefni á landsvísu væri að ræða. Segja má að það sé í raun einn helsti styrkur vímuvarnasamnings Völsungs. Verkefnið er tengt Íþróttafélaginu sem er mikilvægur þáttur af nærsamfélagi Húsvíkinga og nærsveitamanna. Á móti gætu einhverjir sagt að verkefnið þyrfti að vera hluti af stærra verkefni á landsvísu sem eflir áttakamátt þess og áhrifin og umfjöllunin yrðu sterkari.

Að lokum ber að ítreka að þegar skrifað er undir samning af hvaða tagi sem er liggur þar að baki ábyrgð. Það á við um alla aðila sem í þessu tilfalli eru, iðkandi, foreldri/forráðamaður og Íþróttafélagið Völsungur. Til þess að staðið sé við þær skuldbindingar sem að samningurinn felur í sér verða allir samningsaðilar að leggja sitt af mörkum í sameiningu. Þrátt fyrir að iðkandinn sé í aðalhlutverki má ekki líta svo á að aðrir samningsaðilar séu lausir undan ábyrgð. Íþróttafélagið getur séð um fræðslu og verið fordæmisgefandi með starfi sínu á marga vegu. Foreldrar fara einnig með ríka ábyrgð varðandi samninginn þar sem að þeir gegna aðalhlutverki í uppeldi barna sinna í daglegu lífi og verða því að vera meðvitaðir um ábyrgð sína að vera fyrirmyndir og sína stuðning og áhuga svo að markmið samningsins verði uppfyllt.

HEIMILDASKRÁ

Flott án fíknar „UMFÍ“ http://www.flottanfiknar.is/umfi/flott_an_fiknar/ (sótt 4. júlí 2011)

Framhaldsskólinn á Húsavík. Afreksíþróttir AFÍ – 112.
<http://fsh.is/namid/afangar/nyir-afangar/> (sótt 19. Júlí 2011).

Thorolfur Thorlindsson og Jon Gunnar Bernburg, „ Peer Groups and Substance use: Examining the Direct and Interactive Effect of leisure Activity. *Adolescence* 162 (2006): 321-339.

Hoyle, Rick H., Monica J. Harris og Charles M. Judd. *Research Methods in Social Relations*. New York: Wadsworth publishing co., INC., 2003.

Íþróttasamband Íslands „ÍSí“, Fyrirmyndarfélag ÍSí,
<http://www.isi.is/pages/fraedslumal/fyrirmyndarfelagisi/> (Sótt 19. Júlí 2011).

Lýðheilsustöð, *Úthlutun úr forvaranarsjóði 2008*. Reykjavík: Lýðheilsustöð, 2008.

Samanhópurinn. „Samanhópurinn“
<http://www.samanhopurinn.is/index.php?option=content&task=view&id=1&Itemid=24> (sótt 4.júlí 2011)

Þórunn Steindórsdóttir, „Íþróttir og lífstíll ungs fólks, kannað með hliðsjón af reykingum og neyslu áfengis“ Rannsóknir og greining, 2002.
http://www2.lydheilsustod.is/media/afengi/rannsoknir/ltrottir_og_lifsstill.PDF (sótt 19. Júlí 2011)

Viðauki

Sýniseintak af Vímuvarnasamningi Völsungs



Samningur við 3. flokk karla og kvenna

Undirritaður samþykkir hér með að neyta ekki áfengis, tóbaks (þ.m.t. munntóbak og neftóbak) eða annarra vímuefna og skuldbindur sig til að vera ekki fjarverandi án leyfis þjálfara á æfingum meira en 15% af æfingum til og með síðasta leikdegi sumarsins 2009.

Ef upp kemst um samningsbrot áskilja þjálfarar sér leyfi til að hindra þátttöku viðkomandi aðila í fyrirhugaðri utanlandsferð árið 2009.

Samningur þessi er gerður í samræmi við vímuvarnastefnu Íþróttafélagsins Völsungs.

Samningsaðilar vænta góðs og árangursríks samstarfs við foreldra/forráðamenn.